



AÐALFUNDUR 26. APRÍL 2017

ÁRSSKÝRSLA 2016

Höfundar skýrslu: Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir, Sigríður Björk Jónsdóttir og Elín Vignisdóttir

INNGANGUR

Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana í mannvirkjageiranum sem eiga það sameiginlegt að stefna að aukinni útbreiðslu á vistvænni byggð. Vistbyggðarráð vinnur að auknum áherslum á umhverfisvænar byggingar og skipulagsmál. Helstu aðferðirnar eru auka fræðslu og umræðu með því að skipuleggja opna fundi, halda námskeið og útbúa fræðsluefni.

Helstu viðburðir starfsársins voru þessir:

- Námskeið: Um Vistvæna hugsun og umhverfisvottun bygginga 14 janúar
- Námskeið: Umhverfisvænt skipulag 7 apríl
- Málþing: Vistvottun skipulags Urriðaholts í Garðabæ 10 maí
- Málstofa: «Mettrar á mann» á fundi fólksins 2 og 3 ágúst
- Málstofa: Visthús á Íslandi, af hverju og hvernig? 10 nóvember

INNRI STARFSEMI

AÐILAR 2016

Hér að neðan eru listuð upp þau fyrirtæki og stofnanir sem voru aðilar að VBR árið 2016. Þeir nýjir aðilar bættust við, Mosraf, SérEfni og Vegagerðin (feitletrað).

Arkitektur.is	Ríkiskaup
Arkís arkitektar ehf	SérEfni
ASK arkitektar	Sólheimar (Sesseljuhús umhverfissetur)
Basalt Arkitektar	Skipulagsstofnun
BYKO	Steinull hf.
Búseti	Teiknistofan Tark ehf.
EFLA	Teiknistofuna Tröð
Fasteignir Ríkissjóðs	THG arkitektar
Félagsbústaðir	Urriðaholt hf.
Framkvæmdasýsla Ríkisins	VA arkitektar
Hornsteinar arkitekta	Vegagerðin
Háskólinn í Reykjavík	Verkís
Húsasmiðjan	VSÖ verkfræðistofa
Iðan fræðslusetur	VSÓ Ráðgjöf
Íslenskir aðalverktar	
Landsvirkjun	
Mannvit	
Mannvirkjastofnun	
Mosraf	
Nýsköpunarmiðstöð Íslands- Efnisfræði og steinsteypusvið	
Nýsköpunarmiðstöð Íslands- Mannvirkjasvið	
Orkuveita Reykjavíkur	
Reitir Fasteignafélag	
Reykjavíkurborg	

TEKJUR FÉLAGSINS

Aðildafélagar borga árlegt félagsgjald (aðildagjöld) og fjárhagslegur rekstur félagsins er að mestu háður þeim. Hins vegar koma líka til tekjur af styrkjum fyrir ákveðin verkefni og tekjur af námskeiðsgjöldum. Hvert aðildarfyrirtæki gat valið árið 2016 um að greiða 110, 315 eða 525 þús á ári í aðildagjöld, og fór fjöldi atkvæða á aðalfundi eftir greiðslupáttöku aðildafyrirtækisins. Á aðalfundi Vistbyggðarráðs þann 14. apríl 2016 var ákveðið að hækka aðildagjöld fyrir 2017 með 10%.

Aðildagjöld eftir hækkun urðu því:

- 121.000 – eitt atkvæði á aðalfundi
- 363.000 – tvö atkvæði á aðalfundi
- 605.000 – þrjú atkvæði á aðalfundi

Einnig var lögnum um aðild breytt þannig að einstaklingar gætu orðið aðilar, og greitt þá 25.000 kr í aðildagjöld, en væri þá ekki með neitt atkvæði á aðildafundi. Sjá nánar um bókhaldið í ársreikningnum.

STJÓRN

Stjórn Vistbyggðarráðs er skipuð fimm mönnum auk tveggja varamanna sem ávallt eru boðaðir á fundi og eru virkir í stjórn. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega, en að auki hafa verið haldnir vinnufundir í tengslum við stefnumótun. Fundagerðir stjórnar eru aðgengilegar á vef Vistbyggðarráðs (www.vbr.is).

Skipunartími hvers stjórnarmanns er tvö ár í senn. Á aðalfundi 14. apríl 2016 var kosið um þrjú ný sæti fyrir aðalfulltrúa og einn vara:

- *Eva Dís Þórðardóttir (Efla) - (2016-2018)*
- *Hrólfur Karl Cela (Basalt) - (2016-2018)*
- *Sigríður Magnúsdóttir (Tröð) - (2016-2018) (varamaður)*

Stjórn fyrir starfsárið 2016-2017:

- *Andri Þór Arinbjörnsson (Reitir) - (2015-2017)*
- *Bergljót S. Einarisdóttir (Framkvæmdasýsla ríkisins) - (2015-2017)*
- *Elín Vignisdóttir (Verkís) - (2016-2018), Formaður*
- *Eva Dís Þórðardóttir (Efla) - (2016-2018)*
- *Gísli Örn Bjarnhéðinsson (Búseti) - (2015-2017)*
- *Hrólfur Karl Cela (Basalt) - (2016-2018)*
- *Sigríður Magnúsdóttir (Tröð) - (2016-2018)*

Tillaga að nýrri stjórn var sammþykkt á aðalfundinum.

Fráfarandi stjórnarmönnum, Helgu Jóhönnu Bjarnadóttur, Birni Guðbrandssyni og Hauki Magnússyni er þakkað fyrir framlag sitt í stjórn.

STARFSMENN OG STARFSSTÖÐ

STARFSMENN: Á árinu voru gerða breytingar á starfsmannahaldi: Sigríður Björk Jónsdóttir hætti sem framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs í ágúst 2016 eftir 6 farsæl ár í starfi. Hún tilkynnti stjórn Vistbyggðarráðs þetta á stjórnarfund 14. júní 2016. Stjórn Vistbyggðarráðs þakkar Sigríði Björk kærlega fyrir velunnin störf og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi. Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir tók við af Sigríði Björk og hóf hún störf 1. október 2016. Það var því ekki mikil starfsemi í VBR í september. Þar sem norrænum verkefnum var lokið árið 2016 og ekki fengust nýjir styrkir í verkefni var ákveðið að starfshlutfall framkvæmdastjóra yrði aftur lækkað niður í 50% frá og með 1. júlí 2016. Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir skrifaði því undir starfssamning við Vistbyggðarráð um 50% starfshlutfall.

STARFSSTÖÐ: Starfsstöð árið 2016 var hjá verkfræðistofunni Verkís í Ofanaleiti 2. En Vistbyggðarráð hefur haft 2 ára starfsaðstöðu hjá Verkís frá 2014 sem rann út núna 2016. Vistbyggðarráð er hefur verið afar ánægt með starfsstöðvarnar hjá Verkís og þakkar kærlega fyrir sig. Skipulagsstofnun í Borgartúni 7B tekur við af Verkís sem gestgjafi Vistbyggðarráðs 2017-2019.

STARFSHÓPAR OG RÁÐGJAFARRÁÐ

Fundur í ráðgjafaráði Vistbyggðarráðs var haldinn 17. febrúar 2016. Þar var meðal annars farið yfir væntanlegar lagabreytingar á aðalfundi, starfsáætlun og starfshópa VBR. Aðilar frá Framkvæmdasýslunni, Arkís og Mannvirkjastofnun mættu á fundinn.

Á stjórnarfund 1. júní 2016 lýsti framkvæmdastýran yfir áhyggjum sínum af hópastarfi innan VBR, á árum áður var mun auðveldara að fá fólk til að taka þátt og skiluðu margir hópar af sér góðum skýrslum eða niðurstöðum um ákveðinn málefni sem þeim var fólgið að fjalla um. Huga þarf að hvernig er hægt að virkja fólk til að vinna í starfshópum/vinnuhópum, sérstaklega á uppgangstímum þar sem allir eru mjög annasamir.

STEFNUMÓTUN

Ekki var unnið sérstaklega að stefnumótun VBR árið 2016, enda hafði verið haldinn stefnumótunarfundur haustið 2015 með aðildafyrirtækjunum um stefnu næstu ára. Nánar tiltekið var rætt um hvernig aðilar vildu sjá VBR árið 2020 og eftirfarandi punktar komu fram:

- Fjárhagslega sjálfstætt og sjálfbært
- 2 starfsmenn í fastri stöðu
- Húsnæðismálin komin í farveg t.d hjá opinberum aðila eða öðrum
- Miðlar upplýsingum til fagaðila og til kaupenda/fjárfesta
- Hlutleysi
- Sýnum fram á að vistvænt er hagvæmt

- Hlutverk félagsins sé: eftirlit með stjórnvöldum – upplýsingahlutverk - samræðugrundvöllur fagaðila
- Efla vistvæna hugsun almennt og vistvæna umræðu og meðvitund
- Efla rannsóknir og miðla rannsóknnum.
- Aukið samstarf við opinbera aðila: t.d. með gátlistum um vistvænt skipulag og byggingar
- Efla samvinnu við háskóla og fræðasamfélagið
- Efla samvinnu við Norðurlöndin
- Opna aðgang fyrir minni fyrirtæki og áheyrn fyrir almenning, ná til ungs fólks

YTRI STARFSEMI

Eitt af megin markmiðum Vistbyggðarráðs er að styðja við faglega umræðu sem og stuðla að miðlun upplýsinga um vistvænar aðferðir. Þetta er gert m.a. með því að halda úti vefsíðu og standa fyrir opnum málefnafundum og ráðstefnum. Í þriðja lagi er lögð áhersla á að vera í samstarfi við ýmsa aðila bæði um einstök verkefni og viðburði sem tengjast grunnmarkmiðum félagsins. Framkvæmdastjóri sinnir almennum rekstri auk þess að sinna erlendum samskiptum við vistbyggðarráð hinna norðurlandanna.

KYNNINGARMÁL

Vistbyggðarráð hefur hingað til að mestu kynnt sig og starfsemi sína í gegnum heimasíðu sína og með auglýsingum sendum á póstlista félagsins. Með formlegum samstarfsamningum hefur VBR að auki náð útbreiðslu á póstlistum annarra félagsamtaka, en einnig hefur verið reynt að efla beina og óbeina kynningu í tengslum við ýmsa viðburði. Sigríður Björk Jónsdóttir fór í viðtal þann 13. júní í Samfélaginu á RÚV og fjallaði um EPD (Environmental Product Declaration) verkefnið, sem var hluti af norræna verkefninu NGSM (Nordic Guide for Sustainable Materials) en mikilvægt er að fá slík tækifæri. Vistbyggðarráð átti fund með þáverandi umhverfisráðherra, Sigrúnu Magnúsdóttir, 3. mars 2016 til þess að ræða um starfsemi Vistbyggðarráðs og mögulegt samstarf. Vistsporið kom út tvisvar árið 2016, 2. febrúar og 1.júní.

VEFSÍÐA VISTBYGGÐARRÁÐS

Framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs sér um uppfærslu heimasíðunnar (www.vbr.is). Heimasíðan er í sífelldri þróun og þar er að finna nýjustu fréttir um þá viðburði sem félagið stendur fyrir á hverjum tíma. Lögð er áhersla á gagnsæi í starfsemi samtakanna sem felst í því að birta það helsta sem varðar formlega starfsemi VBR s.s. fundaðir, samþykktir, og skýrslur auk þess að hafa aðgengilegt á vefsíðunni helstu upplýsingar um t.d. vottunarkerfi og fleira sem tengist starfseminni.

VIÐBURÐIR

Undanfarin ár hefur Vistbyggðarráð staðið fyrir nokkrum opnum fundum á ári um ýmis málefni tengdum starfseminni og áherslum félagsins.

Opnir fundir VBR hafa yfirleitt verið vel sóttir og fróðlegar og skemmtilegar umræður skapast um málefnið. Hér á eftir fer stutt yfirlit yfir helstu viðburði á starfsárinu á vegum Vistbyggðarráðs og samstarfsaðila.

NÁMSKEIÐ UM VISTVOTTAÐAR BYGGINGAR

 Vistbyggðarráð



VISTVÆN HUGSUN OG UMHVERFISVOTTUN BYGGINGA

Námskeið á vegum Vistbyggðarráðs
Fimmtudaginn 14. janúar kl. 13-16:30
Ofanleiti 2 (Hjá Verkís)

Skráning og nánari upplýsingar á www.vbr.is
Námskeið kostar 25.000 / 18.000 fyrir aðildafélög VBR og nemendur.

Farið verður farið yfir helstu grunnatriði varðandi vistvæna hugsun í tengslum við hönnun bygginga og verklegar framkvæmdir.

Fjallað verður um vistvottun nokkurra bygginga hérlandis með sérstakri áherslu á notkun alþjóðlega vistvottunarkerfisins Breeam International.

Þann 14. janúar var haldið námskeið um vistvæna hugsun og umhverfisvottun bygginga. Á námskeiðinu var sérstaklega fjallað um breska vistvottunarkerfið BREEAM, en það er það kerfi sem notast hefur verið við hér á landi undanfarin ár. Farið var yfir það hvaða matsþættir liggja til grundvallar vottun ásamt því að kynna helstu útgáfur af kerfinu. Dregin voru fram atriði eins og sérstaða Íslands varðandi orkumál, notkun og aðgengi að vistvottuðu byggingarefni. Fyrirlesarar voru: Gyða Mjöll Ingólfssdóttir frá Eflu sem fjallaði um BREEAM vottun á húsnæði Eflu við Höfðabakka 9. Björn Guðbrandsson frá FAÍ var leiðbeinandi á námskeiðinu. Þá kynntu Elín Vignisdóttir og Anna Sigríður Jóhannsdóttir frá Verkís BREEAM vottun viðbyggingarinnar á Sundhöll Reykjavíkur, Aðalheiður Atladóttir Breeam vottun Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Góð þátttaka var á námskeiðinu eða um 38 þátttakendur.

NÁMSKEIÐ UM UMHVERFISVÆNT SKIPULAG

VISTVÆNT SKIPULAG ÞÉTTBÝLIS

Námskeið á vegum Vistbyggðarráðs og Skipulagsstofnunar

Fimmtudaginn 7. apríl kl. 13-16:30

Hannesarholti við Grundarstíg

Skráning og nánari upplýsingar á www.vbr.is

Námskeiðið kostar 20.000 / 15.000 fyrir aðildarfélög VBR og nemendur.

Innifalið kaffi og námskeiðsgögn





Farið verður farið yfir helstu þætti sem einkenna vistvænt skipulag. Fjallað verður um umhverfismat við skipulagsgerð og farið yfir vistvottunarkerfið Breeam Communities og fleiri aðferðir.

Kynnt verða dæmi umvistvænt skipulag bæði um ný hverfi sem og endurskipulagningu eldri byggðar

Vistbyggðarráð og Skipulagsstofnun stóðu fyrir námskeiði um vistvænt skipulag þéttbýlis 7. apríl 2016. Námskeiðið var ætlað þeim sem koma að gerð og framfylgd skipulags – ráðgjöfum og hönnuðum, sérfræðingum hjá sveitarfélögum og stofnunum og kjörnum fulltrúum. Á námskeiðinu var farið yfir helstu þætti sem einkenna vistvænt skipulag og hvernig beita má mismunandi aðferðum við skipulagsgerð. Kynnt var hvernig lagarammi skipulagsmála og stefna stjórnvalda taka á vistvænu skipulagi þéttbýlis. Farið var sérstaklega yfir vistvottunarkerfið Breeam Communities. Þá voru kynntar og farið yfir aðrar aðferðir sem beita má við skipulagsgerð til að auka vishæfi, svo sem umhverfismat skipulagsáætlana og nýjan norrænan vegvísi fyrir vistvæna þróun þéttbýlis. Fyrirlesarar á námskeiðinu voru: Ásdís Hlökk Teodórsdóttir Forstjóri Skipulagsstofnunar, Ólöf Kristjánsdóttir verkfræðingur hjá Mannviti, Sigríður Björk Jónsdóttir þáverandi framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs, Egill Guðmundsson hjá Arkís og Björn Axelsson hjá Reykjavíkurborg. Þáttaka á námskeiðinu var mjög góð, eða um 40 þátttakendur.




VERK OG VIT

Vistbyggðarráð tók þátt í stórsýningunni Verk og vit sem var haldin í þriðja sinn dagana 3. – 6. mars 2016 í íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Markmið sýningarinnar var að kynna vörur, þjónustu og tækninýjungar en ekki síður að koma á viðskiptum fagaðila og auka vitund almennings um byggingarmál, skipulagsmál og

mannvirkjagerð. Þátttaka VBR í Verk og Vit gaf góða raun og fengust fullt af heimsóknum, kynningarefnið kláraðist.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Vistbyggðarráðs var haldinn þann 14. apríl 2016. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundastörf, yfirferð ársskýrslu, reikninga og starfsáætlun 2016. Kosnir voru alls 4 nýir fulltrúar í stjórn og lagðar fram tvær lagabreytingatillögur. Í



upphafi fundarins hélt Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri erindi sem bar yfirskriftina: Stefna um vistvænni framtíð. Áherslur og ákvarðanir um þróun höfuðborgarsvæðisins til 2040. Helga Jóhanna formaður stjórnar kynnti skýrslu stjórnar yfir starfseminu á liðnu ári. Tvær lagabreytingatillögur lágu fyrir fundinum, önnur varðaði breytingar á 4. grein en hin um hækkun aðildagjalda. Nú er í fyrsta sinn búið að opna á að einstaklingar geti gerst svokallaðir stuðningsaðilar að samtökunum og borgað gjöld í 4. flokki (25.000). Stuðningsaðili getur aðeins verið einstaklingur en ekki félag í almennum rekstri. Stuðningsaðili fær aðgang að tengslaneti Vistbyggðarráðs, aðalfundum (án atkvæðis) og aðilafundum og býðst jafnframt 20% afsláttur af námskeiðsgjöldum. Síðari lagabreytingatillagana var um flata hækkun árgjalda um 10%. Hækkunin kemur ekki til framkvæmdar fyrr en við útsendingu aðildagjalda 2017. Báðar þessar tillögur voru samþykktar samhljóða.

OPIN FUNDUR UM SKIPULAGSMÁL Í URRIÐAHOLTI

Málþing um vistvottun skipulags Urriðaholts í Garðabæ var haldið þriðjudaginn 10. maí. Að málþinginu stóðu Garðabær, Urriðaholt ehf. og Vistbyggðarráð. Fundarstjóri var Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ. Á málþinginu afhenti Cary Buchanan, fulltrúi Breeam Communities í Bretlandi staðfestingu þess að Urriðaholt uppfylli skilyrði um framúrskarandi skipulag, sem unnið hefur verið frá grunni með sjálfbæra þróun og virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leiðarljósi. Skipulag Urriðaholts er það fyrsta á Íslandi sem hlýtur þessa vistvottun. Breeam Communities er hluti af starfsemi Breeam umhverfissvottunarkerfisins, sem er eitt útbreiddasta vottunarkerfi heims fyrir visthæfi bygginga og byggðar. Auk þess héldu stutt erindi Ásdís Hlökk Theódórsdóttir forstjóri Skipulagsstofnunar og Ólöf Kristjánsdóttir hjá Mannviti, sem er vottunaraðili Breeam Communities á Íslandi. Í lok málþingsins kynntu hjónin Finnur Sveinsson og Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir byggingu umhverfissvottaðs einbýlishúss í Urriðaholti, sem mun verða það fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

Fundurinn var tekinn upp og það má nálgast upptökuna her:

<http://new.urridaholt.is/itarefni/ahugaverd-erindi-a-malthingi-um-vistvottun-urridaholts>

MÁLSTOFA: METRAR Á MANN Á FUNDI FÓLSINS

Á fundi fólksins í byrjun ágúst var Vistbyggðarráð með málstofuna: Metrar á mann? Ræðum saman um vistvænni hús. Sigríður Björk Jónsdóttir stýrði fundinum sem haldinn var í gróðurhúsinu við Norræna húsið. Formið á fundinum voru panel-umræður. Þátttakendur: Elín Vignisdóttir, landfræðingur hjá Verkís og formaður Vistbyggðarráðs, Hrólfur Karl Cela, arkitekt hjá Basalt arkitektum, Eva Dís Þórðardóttir skiplagsfræðingur hjá EFLU, Sigríður Magnúsdóttir, arkitekt, Teiknistofunni Tröð, Gísli Örn Bjarnhéðinsson, framkvæmdastjóri Búseta og Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir orkuverkfræðingur.

FYRSTA SVANSVOTTAÐA EINBÝLISHÚSIÐ Á ÍSLANDI, AF HVERJU OG HVERNIG?

Þann 10. nóvember var ákveðið að verkfræðistofan VSB myndi bjóða heim. Þar sem VSB er að vinna í fyrsta svansvottaða einbýlishúsinu með Finni Sveinssyni og konu hans var kjörið að fundurinn myndi fjalla um það verkefni. Eftirfarandi aðilar voru með framsögu á fundinum: Finnur Sveinsson (www.visthus.is), Sigurður Einarsson um nálgun arkitektsins - Batteríið (www.arkitekt.is) og Örn Guðmundsson um Tæknilegar lausnir frá VSB Verkfræðistofunni. Einnig var farið á vettfang og grunnurinn að húsinu var skoðaður og Finnur fræddi þátttakendur um gang mála.

Hér má finna fyrirlestrana frá fundinum:

<http://www.vbr.is/efni/fr%C3%A6%C3%B0sla>

BOÐIÐ HEIM

Á árinu voru nokkur aðildafyrirtæki sem buðu heim og kynntu starfsemi sína. IKEA bauð heim í mars og kynnti starfsemi sína og áherslur á umhverfismál. Arkís bauð heim í sín nýju húsakynni við Kleppsveg þann 8. september og bauð í síðdegis/bjór/spjall/kynningu um starfsemi þeirra. Fundurinn um fyrsta svansvottaða einbýlishúsið



var hluti af heimboði sem verkfræðiskrifstofan VSB stóð fyrir 10 nóvember sem fjallað var um hér að ofan.

ERINDI

Óskað var eftir erindi frá Vistbyggðarráði á fundi Byggingavettfangs í september, en Sigríður Björk Jónsdóttir og Elín Vignisdóttir kynntu þar starfsemi og áherslur Vistbyggðarráðs. Þórhildur hélt fyrirlestur um passívhús og núllorku/losunar hús í Háskóla Reykjavíkur þann 5. desember, nálgast má þann fyrirlestur hér:

<http://www.vbr.is/efni/fr%C3%A6%C3%B0sla>

INNLENT OG ERLENT SAMSTARF

INNLENT SAMSTARF

Vistbyggðarráð og BIM Ísland skrifuðu undir tveggja ára samstarfssamning í febrúar 2015 sem gilda átti til ársloka 2016. Þar sem báðir aðilar sem komu að samningnum hættu í sínum störfum, varð því miður ekki mikið úr þessu samstarfi.

ERLENT SAMSTARF

Þann 11. mars var haldinn sameiginlegur fundur norrænu vistbyggðarráðana í Stokkhólmi. Framkvæmdastýran, Sigríður Björk Jónsdóttir sótti fundinn. Þetta var dagsfundur sem haldinn var í húsakynnum sænska vistbyggðarráðsins. Sérstakur gestur fundarins var Terri Willis sem er framkvæmdastjóri World Green Building Council (WGBC). Teri kynnti nýjar áherslur í WGBC varðandi að auka virði þess að vera aðili að WGBC. En eins og staðan er núna er VBR ekki formlegur aðili að WGBC. Á fundinum var einnig rætt um möguleg ný samstarfsverkefni.

STYRKIR

UMSÓKNIR

Sótt var um styrki bæði í umhverfissjóð Landsbankans, til Ergo fjármögnungar og til Tækniþróunarsjóðs. Verkefnið sem sótt var um til Landsbankans báru heitin:

- Leiðbeiningar um viðmið og innkaup á vistvænu byggingarefni til nýframkvæmda og viðhalds bygginga. Umsókn um þýðingu og kynningu á norrænu samstarfsverkefni um vistvænt byggingarefni. Kynningarbæklingur um EPD (Environmental Product Declaration) og handbók (guidelines) um val á byggingarefnum.
- Sjálfbært umhverfi fyrir ungt fólk og framtíðina. Kynningarmyndband fyrir framhaldsskólanemendur

Verkefnið sem sótt var um til Ergo bar heitið:

- Sjálfbært umhverfi fyrir ungt fólk og framtíðina. Örnámskeið fyrir framhaldsskólanemendur

Verkefnið sem sótt var um til Tækniþróunarsjóðs bar heitið:

- „Early design support in LCA for buildings“

Því miður fengust engir styrkir árið 2016 í þessu verkefni.

VERKEFNI

Bæði norrænu verkefni (NUD og NGSM) sem VBR var þáttakandi í árið 2015 voru búin í lok árs 2015. En árið 2016 þurfti að huga að reikningshaldi og rukkun á síðustu fjárframlögunum. Einnig var ætlunin að þýða fræðsluefni sem þróað hafði verið, t.d. vegvísir um sjálfbæra þróun þéttbýlis og svo samnorrænar leiðbeiningar um vistvænt byggingarefni. Ekki fékkst fjármagn í þýðingar, en enn er möguleiki á að ljúka þessum verkefnum ef styrkir fást síðar.

Á árinu 2015 fengust styrkir frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti til að vinna að tveimur verkefnum:

- Gerð fræðslu/kynningarefnis um vistvænar byggingavörur hérlandis (1.millj. kr.)
- Gerð bæklinga um heilsufarsleg áhrif vistvænna bygginga og byggðs umhverfis. (800.000 þús)

Gerð þessara bæklinga tafðist en þeirri vinnu lauk í byrjun árs 2017. Greinagerð um að verkefninu Hýbíl og Heilsa seinkaði var send umhverfisráðuneytinu í desember 2016. Ráðuneytið er búð að greiða út að fullu styrk fyrir Hýbíl og Heilsu bæklinginn en á eftir að greiða 250.000 kr af styrknum fyrir Efnisgæða bæklinginn.

AÐ LOKUM

Á síðasta ári var innan Vistbyggðarráðs unnið áframhaldandi virkt starf að kynna vistvænar áherslur í hinu byggða umhverfi. Á árinu lauk þeim norrænu verkefnum sem unnið hafði verið að síðustu tvö ár og þar sem ekki fengust styrkir í önnur verkefni þurfi að draga saman seglin og framkvæmdastjóri félagsins er aftur kominn í 50% starf, sem jafnframt dregur úr því sem mögulegt er að koma í framkvæmd. En það hefur þó ekki dregið úr áhuga þeirra sem starfa innan félagsins á kynna og efla áherslur á vistvænni byggð.

Fjöldi viðburða var haldinn á árinu, bæði á vegum Vistbyggðarráðs en einnig í samstarfi við aðra, og voru viðfangsefnið fjölbreytt. Haldin voru námskeið um bæði vistvottun bygginga og umhverfisvænt skipulag, haldin málþing og kynningarstarf var öflugt, bæði í fjölmiðlum, með þáttöku í málþingum og á sýningunni Verk og vit. Þá

var unnið að því að gefa út frekara fræðsluefni um vistvænar áherslur, bæði um val á byggingarefnum og heilsufarsleg áhrif vistvænna bygginga og byggðs umhverfis.

Á síðasta ári var skipt um framkvæmdastjóra, en Sigríður lauk störfum fyrir félagið eftir 6 ára farsælt starf við að byggja upp félagið og skjóta undir það rótum. Þökkum við Sigríði fyrir samstarfið og vel unnin störf síðustu 6 ár. Um leið bjóðum við Þórhildi velkomna til starfa, en hún mætir með mikla reynslu í farteskinu, sem og með nýjar hugmyndir og eldmóð inn í starfið.

Síðustu ár hefur verið mikill uppgangur í byggingariðnaði og enn frekari uppbygging áætluð á næstu árum. Því er mikilvækt að halda áfram að halda á lofti vistvænum sjónarmiðum og aðferðum til að nálgast markmið um sjálfbæra byggð á Íslandi og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá hinu byggða umhverfi á Íslandi.

Reykjavík, 24. apríl 2017

Elín Vignisdóttir, formaður stjórnar Vistbyggðarráðs

Áritun stjórnar:

Elín Vignisdóttir

Eva Dís Þórðardóttir

Bergljót S. Einarsdóttir

Hrólfur Karl Cela

Andri Þór Arinbjörnsson

Sigríður Magnúsdóttir
